

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Á eftir 22. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, sem verði 23. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborganalaus tiltekin árabíl. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Lán samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar mega ekki samtals nema hærri fjárhæð en fjórðungi árlegra vaxtatekna sjóðsins.

Sjóðstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað til lagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðstjórn skal leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögnum um atvinnuleysistryggingar, nr. 29/1956, segir svo í 3. gr., um heimild sjóðstjórnar til þess að veita lán úr sjóðnum, að stjórn sjóðsins sé heimilt að ávaxta fé sjóðsins í útlánnum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð rikissjóðs eða annarri öruggri tryggingu. Í athugasemdum við frumvarp að lögum þessum segir svo m. a.: Ef um útlán getur orðið að ræða, telur nefndin eðlilegt, að forgangsrétt hafi lánveitingar, sem ætlaðar eru til varanlegrar atvinnuaukningar, einkum þar, sem þörf er fyrir slíkar framkvæmdir.

Samkvæmt lögnum er ekki heimilt að veita styrki, en aðeins bætur til þeirra sem verða atvinnulausir. Slíkar bætur vegna atvinnuleysis hafa verið mjög litlar síðan sjóðurinn var stofnaður. Sjóðurinn hefur því vaxið mikið, svo að ætlað er, að eignir hans um s. l. áramót hafi numið á 8. hundrað milljón króna. Samkvæmt heimild í 3. gr. laganna, hefur stjórn sjóðsins ávaxtað mikið fé í lánnum, einkum þeirrar tegundar, sem um er rætt í athugasemd frumvarpsins og áður er getið. Vegna hinna ströngu skilyrða, sem löggin setja um lán úr sjóðnum, að því er varðar tryggingu fyrir lánnum, hefur komið í ljós, að lánafyrirgreiðslur til þeirra staða, sem í mestri atvinnunauð eru, hefur stundum ekki verið unnt að veita, vegna skorts á öryggri tryggingu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lánheimild sjóðstjórnar verði rýmkuð frá því sem nú er. Í fyrsta lagi er lagt til, að þegar í hlut eiga staðir sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi, þá sé heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma. Í öðru lagi er sjóðstjórn heimilt að ákveða, að slík lán verði afborganalaus tiltekin árabíl. Í þriðja lagi er lagt til, að ekki þurfi aðra tryggingu fyrir slíkum lánnum en ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga. Lán þessarar tegundar mega þó ekki nema hærri fjárhæð samtals á ári hverju en nemur fjórðungi vaxtatekna sjóðsins.

Loks er lagt til, að sjóðstjórn skuli leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari lagagrein. Ákvæði þetta bindur að sjálf-sögðu ekki hendur sjóðstjórnar á neinn hátt. Hér er aðeins gert ráð fyrir því, að atvinnubótasjóður, sem hefur það hlutverk, að leysa úr vandræðum vegna atvinnu-skorts, hafi aðstöðu til þess að fylgjast með þeim ráðstöfunum, sem sjóðstjórn atvinnuleysistrygginganna kynni að gera samkvæmt þessu lagaákvæði.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur fylgzt með samningu þessa frumvarps. Gera verður ráð fyrir, að hún sé ekki andvíg því, að frumvarpið verði lögfest.